

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum 20. febrúar 2020 að ráða Birgi Gunnarsson, kt. 050263-5419, í starf bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar frá og með 1. mars 2020 til loka kjörtímabilsins 2022. Því gera Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði og Birgir Gunnarsson með sér svofelldan

ráðningarsamning

1. gr.

Birgir Gunnarsson er ráðinn bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar frá og með 1. mars 2020. Ráðningartími hans varir út kjörtímabil núverandi bæjarstjórnar, þ.e.a.s. til 12. júní 2022.

2. gr.

Bæjarstjóri fer með störf framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og annast þau störf sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar og í samræmi við samþykktir og ákvarðanir bæjarráðs og bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Varðandi störf og starfssvið bæjarstjóra er vísað til VI. kafla sveitarstjórnarlaga, einkum 55. gr. laganna.

3. gr.

Föst mánaðarlaun bæjarstjóra skulu vera kr. 950.000,- . Föst yfirvinna verður sem nemur 60 klukkustundum á mánuði eða kr. 600.000,- Orlofsréttur eru 30 virkir dagar á ársgrundvelli. Greiddar eru mánaðarlega 500 km. í bifreiðastyrk samkvæmt ákvörðun um akstursgjald ríkisstarfsmanna nú 110 kr/km.

4. gr.

Fyrir störf í nefndum sveitarfélagsins eða vinnuhópum fær bæjarstjóri ekki sérstakar greiðslur, þ.m.t. fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar. Innifalið í launum er öll yfirvinna. Bæjarstjóra er heimilt að taka að sér störf í stjórnnum/nefndum tengdum störfum sínum að höfðu samráði við formann bæjarráðs.

5. gr.

Ferðakostnaður bæjarstjóra vegna erinda á vegum Ísafjarðarbæjar skal greiddur af bæjarsjóði skv. framlögðum reikningum eða dagpeningum skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

6. gr.

Ísafjarðarbær skal greiða afnotagjöld og föst gjöld af farsíma bæjarstjóra. Einnig greiðir Ísafjarðarbær fyrir nettengingu á heimili bæjarstjóra.

7. gr.

Ísafjarðarbær skal greiða lífeyrissjóðsframlag atvinnurekanda af launum bæjarstjóra til þeirra lífeyrissjóða sem bæjarstjóri vísar til.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði samnings þessa um ráðningu bæjarstjóra út kjörtímabil bæjarstjórnar er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðarmót, uppsögn skal vera skrifleg. Verði starfslok hjá bæjarstjóra að hans eigin ósk á ráðningartímanum á hann ekki rétt á biðlaunum. Verði hins vegar starfslok vegna uppsagnar af hálfu bæjarstjórnar á ráðningartímanum á bæjarstjóri rétt á 6 mánaða biðlaunum. Slík uppsögn er heimil án áminningar og annars rökstuðnings en þess að bæjarstjóri hafi ekki lengur trúnað bæjarstjórnar. Laun í uppsagnarfresti koma ekki til viðbótar biðlaunum, heldur telst uppsagnarfrestur líða samtímis biðlaunatíma. Bæjarstjóri skal eiga rétt til launa í 6 mánuði frá þeim degi sem hann hættir störfum vinni hann út allt kjörtímabilið. Framangreint gildir þó ekki komi til endurráðningar eftir bæjarstjórnarkosningar 28. maí 2022. Á biðlaunatíma skal bæjarstjóri eiga rétt á launagreiðslum samkvæmt 3. gr., en ekki greiðslu annars kostnaðar s.s. af síma og bifreiðastyrk samkvæmt 3. og 6. gr., eftir að bæjarstjóri hefur látið af störfum í þágu Ísafjarðarbæjar. Orlofsréttur myndast ekki á biðlaunatíma nema Ísafjarðarbær óski eftir vinnuframlagi bæjarstjóra á tímabilinu.

9. gr.

Launaliðir samkvæmt samningi þessum skulu endurreiknaðir 1. janúar ár hvert til samræmis við þær breytingar er verða á launavísitölu. Grunnur til útreiknings er launavísitala í desember 2019 sem er 700,7 stig.

Varðandi önnur kjaraatriði en að framan greinir er vísað til kjarasamnings Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga (BHM) og Ísafjarðarbæjar (SÍS).

10. gr.

Skylt er starfsmanni að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök og heldur hvor aðili sínu.

Ísafjarðarbær, _____ 2020

F.h. Ísafjarðarbæjar

Daníel Jakobsson, form. bæjarráðs

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri